

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN FIMMTUDAGINN
12. júní 2025 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Ársæll Hafsteinsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf., setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Nanna Elísabet Harðardóttir yrði kosin fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Nanna tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Til fundarins var boðað með bréfi sem sent var til sjóðfélaga dags. 26. maí sl., með auglýsingu sem birtist í dagblaði þann 29. maí sl., auk þess sem hann var auglýstur á heimasíðu sjóðsins þann 4. apríl sl. en þar hefur mátt nálgast fundargögn.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Ávarp *Ársæls Hafsteinssonar* stjórnarformanns LSBÍ:

“Kæru sjóðfélagar og gestir.

Síðast liðið ár, sem var bæði krefjandi og viðburðaríkt, einkenndist af háu vaxtastigi og lækkandi verðbólgu. Sem fyrr var varfærinni fjárfestingastefnu fylgt, sem skilaði jákvæðri ávöxtun, bæði fyrir skuldabréf og hlutabréf. Í ársbyrjun 2024 stóðu stýrivextir Seðlabanka Íslands í 9,25%, og héldust stýrivextirnir þannig óbreyttir fram í október síðast liðinn, þegar Seðlabankinn hóf varfærið vaxtalækkunarferli. Við lok síðasta árs stóðu stýrivextirnir í 8,5%. Verðbólgan, sem mældist 6,7% í ársbyrjun 2024, lækkaði niður í 4,8% við lok árs. Verðþróun og ávöxtun innlendra skuldabréfa var nokkuð stöðug allt síðast liðið ár, en gengi flestra innlendra hlutabréfa tók að hækka á síðustu mánuðum ársins. Eins og ég fór yfir á síðasta ársfundi voru þá í gangi formlegar viðræður milli ríkisvaldsins og hóps lífeyrissjóða um uppgjör á skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði fyrrverandi, sem nú kallast ÍL- sjóður. Í mars á þessu ári náðist síðan samkomulag milli aðila um uppgjörstillögu sem felur í sér að umrædd skuldabréf ÍL-sjóðs eru gerð upp með afhendingu tiltekinna eigna, sem eru að lang stærstu leyti ríkistryggð skuldabréf og reiðufé í erlendri mynt. Í kjölfarið var fundur skuldabréfaeigenda haldinn þann 10. apríl síðast liðinn, þar sem uppgjörstillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Alþingi samþykkti síðan lög þann 3. júní sl. þar sem skilyrði til uppgjörs ÍL-skuldabréfanna voru staðfest, og í kjölfarið samþykkti ÍL-sjóður að nýta sér heimild til uppgjörs skuldabréfanna sem fer fram í dag, 12. júní. Fyrir lífeyrissjóðinn er þýðir niðurstaðan að uppgjörsvirði nýrra eigna, sem við fáum í stað umræddra ÍL-skuldabréfa, er um 340 milljón krónum hærra en kröfuvirði ÍL-bréfanna. Þetta þýðir að sem hlutfall af heildareignum sjóðsins eru nýju eignirnar um 1,4% hærri en gömlu ÍL-skuldabréfin voru. Þá skal einnig haldið til haga að með uppgjörinu er óvissu eytt um framtíð og afdrif ÍL-sjóðs og skuldbindinga hans. Í ljósi umfangs umræddra skuldabréfa skiptir þetta verulegu máli fyrir sjóðinn.

Að öllu þessu virtu er það mat stjórnar að hagsmunum sjóðsins, og þar með sjóðfélaga, hafi best verið borgið með því að samþykkja umrædda uppgjörstillögu. Á ársfundinum í fyrra fórum við yfir að sjóðurinn okkar á bæði beint og óbeint í HS Orku, HS Veitum og Bláa Lóninu. Á árinu 2024 héldu jarðhræringar áfram á Reykjanesi. Alls urðu sex eldgos á Sundhnúksgígaröðinni þar sem hraunrennsli eyðilagði hús í Grindavík, vegi og rafmagnsmöstur. Þá urðu hitaveitulagnir fyrir tjóni, sem leiddi til þess að bæði rafmagns- og

heitavatnslaust varð á svæðinu um tíma. Svo virðist sem varnargarðarnir hafi gert sitt gagn og komið í veg fyrir meiriháttar tjón á innviðum. Þó svo að orkufyrirtækin og Bláa lónið hafi orðið fyrir einhverjum tekjumissi á árinu 2024 eru öll fyrirtækin starfandi og þjóna vel sínu hlutverki í dag. Ath. ber að þó að hlé sé nú á hamförunum er ljóst að erfitt er að spá fyrir um framhaldið, en útlitið virðist þó bjartara en var um tíma. Nafnávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2024 var 9,44%, en að teknu tilliti til verðbólgunnar var raunávöxtun eigna 4,46%. Þetta er betri árangur en var á árinu 2023, þegar raunávöxtun eigna sjóðsins var neikvæð um 1%, og mun betri en niðurstaðan var á árinu 2022, sem var eitt mest krefjandi ár á fjármálamörkuðum frá fyrri hluta síðustu aldar. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam um 24,6 milljörðum króna í árslok 2024, sem er hækkun um 271 milljón króna á milli ára. Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, metur hreina eign sjóðsins um síðustu áramót vera rúma 24,7 milljarða króna og skuldbindinga rétt rúmlega 25 milljarða króna. Hrein eign sjóðsins, að fráðregnum skuldbindingum, reiknast því vera neikvæð um rúmar 367 milljónir króna, eða -1,46 % af skuldbindingum. Þessi smávægilega neikvæða staða hefur engin áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Gott jafnvægi er milli eigna og skuldbindinga, sem er lykilforsenda fyrir því að lífeyrissjóðurinn geti rækt hlutverki sitt til framtíðar. Staðan nú kallar því ekki á neinar ráðstafanir eins og Bjarni mun fara betur yfir hér á eftir.

Eins og kunnugt er ríkir í dag veruleg óvissa um ýmis mál á alþjóðavettvangi. Þar virðist ekkert lát vera á stríðsátökum og efnahagslegum sviptingum, með núverandi forseta bandaríkjanna í broddi fylkingar. Allt hefur þetta áhrif á getu og möguleika sjóðsins til að ná fram sem bestri ávöxtun eignasafnsins. Eins og nánar verður rakið hér á eftir eru þegar komnar fram vísbendingar um að þetta ár gæti orðið fjárfestum erfitt. Við þessar aðstæður búum við að því að sjóðurinn hefur gegnum árin stigið varlega til jarðar með varfærna fjárfestingarstefnu að leiðarljósi, þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á hátt vægi innlendra ríkistryggðra skuldabréfa. Þegar litið er til síðustu tíu ára er meðaltal raunávöxtunar 3,51%, sem verður að teljast vel viðunandi. Einnig hefur tryggingafræðileg staða sjóðsins verið góð, sem hefur skilað sér í góðum eftirlaunagreiðslum til sjóðfélaga. En eins og ég hef rakið þá glímum við nú við ýmsar áskoranir og óvissuþætti. Ég tel hins vegar framtíð sjóðsins vera bjarta, eignastaðan er sterk og varfær fjárfestingarstefna gegnum árin hefur þegar sannað gildi sitt. Hér á eftir mun Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynna helstu niðurstöður úr ársreikningi sjóðsins. Þar á eftir mun Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður Eignastýringar, fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu hans. Og loks mun Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, fjalla um niðurstöður sínar á tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum. Stjórn sjóðsins á síðasta starfsári skipuðu, auk mín, þau Brynja Þorbjörnsdóttir, viðskiptafræðingur, MBA, og Tryggvi E. Geirsson, endurskoðandi. Varamenn á síðasta ári voru þau Lára Jóhannesdóttir, Bergrún Lilja Jónsdóttir og Sigurður Kristjánsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson sem formaður nefndarinnar, Brynja Þorbjörnsdóttir og Ásta Eyjólfsdóttir.

Brynja, Tryggvi og Lára hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir sjóðinn. Ég vil þakka þeim öllum kærlega fyrir afar gott og farsælt samstarf í gegnum árin og faglega og góða vinnu fyrir sjóðinn okkar.

Ágætu sjóðfélagar. Ég vil þakka ykkur fyrir góð samskipti frá síðasta ársfundi. Jafnframt vil ég þakka framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins kærlega fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.”

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að umræða um skýrslu stjórnar, reikninga sjóðsins, sem og um tryggingafræðilega athugun og fjárfestingarstefnu sjóðsins færi fram í einu lagi. Sú tillaga fundarstjóra sætti ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

2. Kynning á ársreikningi

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri LSBÍ, fór yfir lykilatriði í ársreikningi LSBÍ 2024 sem og yfirferð á breytingu á hreinni eign 2024, þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Iðgjöld á árinu 2024 námu 8 milljónir króna og lækkuðu um 30% á milli ára. Lífeyrisgreiðslur námu 1,9 milljarðar króna og jukust um 6,8%, hreinar fjárfestingartekjur námu 2,2 milljarða króna, rekstrarkostnaður jókst um 2,8% á milli ára.

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris nam 24,6 milljarðar króna og stóð í stað á milli ára. Einnig fór Guðmundur yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Guðmundur fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum, þ.e. rekstrarkostnað og sundurliðun á greiddum lífeyri á árinu 2024, og vakti að lokum athygli á upplýsingagjöf á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31. desember 2024. Bjarni fór yfir forsendur og reikniaðferð við matið. Samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris. Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða metin með tölfræðilegum líkönum. Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998. Frávik eru heimil ef það er talið gefa betri mynd af stöðu viðkomandi sjóðs. Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur. Lífslíkur eru reiknaðar samkvæmt reiknigrundvelli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020 með spá um áframhaldandi lengingu meðalævi. Forsendum um hjúskapar- og barneignalíkur breytt á árinu. Nýjar forsendur um örorkulíkur, almennt lækkaði örorkutíðni hjá körlum, litlar breytingar hjá konum. Nú notað meðaltal af reynslu íslenskra lífeyrissjóða fyrir LSBÍ. Áður var miðað við 60% af meðaltali. Sjóðfélagar sem eiga rétt til örorku orðnir svo fáir að ekki fæst marktæk niðurstaða um frávik frá meðaltali. Heildarstaða sjóðsins í lok árs 2024 er –1,46%.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringarfagfjárfesta kynnti ávöxtun og eignastýringu LSBÍ. Farið var yfir þróun markaða á árinu 2024 og þróun á helstu eignaflokkum á árinu 2024 samanborið við árið 2023. Nafnávöxtun LSBÍ á árinu 2024 var 9,4% en 4,5% á raun. Hjörleifur sagði að við værum með

háa vexti og háa verðbólgu sem telur hressilega í raunávöxtunina, allir eignaflokkar hefðu þó skilað jákvæðu ávöxtunarframlagi á árið 2024. Hjörleifur sýndi ávöxtun sl. 27 árin, meðalávöxtun sjóðsins var 5,5%. Hjörleifur fór yfir fimm stærstu skuldabréfa útgefanda skuldabréfa í eigu sjóðsins, hlutfall skuldabréf fjármálafyrirtækja og skuldabréf með ábyrgð bæjar og sveitarfélaga. Farið var yfir fimm stærstu hlutafélög í skráðum og óskráðum. Hjörleifur sagði frá innlendum sérhæfðum fjárfestingum sjóðsins. Aukning á árinu í eignaflokkum var lítil, óveruleg breyting eigna og litlar tilfærslur innan skuldabréfasafni sjóðsins, áhersla á varfærna stefnu er óbreytt. Erlendar eignir eru um 10%, helmingur í hlutabréf en í sérhæfum skuldabréfum er um 1%.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun og eignastýringu á árinu 2025. Fór yfir þróun fjárfestingarstefnu LSBÍ frá árinu 2020 til ársins 2025. Nefndi að við lifðum á skrítnum tímum þessa daganna sé í lagi horft til þessa sem er að gerast erlendis, miklar sveiflur. Fjárfestingarstefna sjóðsins, Hjörleifur sagði mikinn metnað lagðan í fjárfestingarstefnuna ár hvert, hann sagði stjórn taka þetta í þriggja mánaðar vinnuferli. Varfærin stefna sjóðsins erlendar eignir hafa farið úr 12% í 10%, fjárfest hefur verið frekar í skuldabréfum sem er góð fjárfesting fyrir sjóðinn. Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingasjóða, þar kom fram að fjárfestingastefna LSBÍ væri mjög íhaldsöm.

Eftir umfjöllun Hjörleifs gaf fundarstjóri sjóðfélögum kost á að bera fram spurningar og koma með athugasemdir við skýrslu stjórnar, reikninga sjóðsins, tryggingafræðilega athugun og fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun hans.

Spurt var úr sal: Hvað eru dánarbætur, hvað fellst í því? Guðmundur og Hjörleifur svöruðu því að þetta væru bætur sem erfingjar sjóðfélaga gætu sótt um við andlát, væru að ígildi tveimur þriðju hluta mánaðarlauna skilgreinds viðmiðunarflokks.

Spurt var úr sal: Er hækkun á örorkubótum? fær fólk viðbætur við lífeyrinn? Guðmundur svaraði því neitandi þar sem þær falla niður þegar fólk fer á lífeyri.

Að því loknu lagði fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikning LSBÍ 2024 fyrir fundinn til samþykktar. Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að taka næst fyrir tillögur stjórnar um breytingu á samþykktum. Sú tillaga fundarstjóra sætti ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

5. Tillaga stjórnar til samþykktabreytinga (6. liður í dagskrá)

Næst á dagskrá voru tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum. Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra að kynna þær. Guðmundur vísaði til glærukynningar og sagði breytingarnar lúta að því að breyta hvenær stjórnarmenn eru kosnir af sjóðfélögum. Guðmundur rifjaði upp að í stjórn LSBÍ sitja þrír stjórnarmenn og þrír varamenn. Tveir stjórnarmenn og tveir varamenn eru kosnir af sjóðfélögum annað hvert ár en rekstraraðili sjóðsins tilnefnir einn stjórnarmann og einn varamann til tveggja ára í senn.

Í þessari breytingartillögu er lagt til að framkvæmdinni verði breytt þannig að sjóðfélagar kjósi árlega um einn stjórnarmann og einn varamann og munu þeir sitja í tvö ár. Þannig verða stjórnarkosningar á hverju ári. Guðmundur nefndi að þessi breyting væri lögð til, svo að ekki komi upp sú staða að báðir stjórnarmenn sem kosnir eru af sjóðfélögum hætti á sama tíma.

Þegar Guðmundur hafði lokið máli sínu bar fundarstjóri tillögur stjórnar undir fundinn og spurði hvort einhver vildi taka til máls. Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillögurnar undir fundinn til samþykktar. Kosið var um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

6. Kosning tveggja stjórnarmanna og varamanna þeirra (5. liður í dagskrá)

Næst á dagskrá voru kosningar stjórnarmanna. Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra að kynna þær. Guðmundur vísaði til glærukynningar og nefndi að eins og fram hefur komið er stjórn LSBÍ skipuð þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Tveir stjórnarmenn og tveir varamenn eru kosnir af sjóðfélögum en einn aðalmaður og einn varamaður eru tilnefndir af Arion banka. Í ár rennur út umboð sitjandi stjórnarmanna Ársæls og Tryggva, auk þess sem tveir aðalmenn og einn varamaður eru að hætta, þau Tryggvi og Brynja. Þeir sem eru að hætta eru einn stjórnarmaður sem kosinn er af sjóðfélögum og stjórnarmaður og varamaður sem eru tilnefnd af Arion banka.

Guðmundur nefndi að auglýst var eftir framboðum til stjórnar með auglýsingu á heimasíðu sjóðsins og það bárust tvö framboð í sæti aðalmanns og tvö framboð í sæta varamanns. Í sæti aðalmanns til eins árs barst framboð frá Ársæli Hafsteinssyni og í sæti aðalmanns til tveggja ára barst framboð frá Ingimundi Sigurmundssyni. Í sæti varamanna bárust framboð frá Bergrúnu Lilju Sigurjónsdóttur til setu í eitt ár og frá Sigurði Kristjánssyni til setu í tvö ár. Þau fjögur teljast því sjálfkjörin í stjórn sjóðsins.

Engin mótframboð komu því var sjálfkjörið í stjórn.

Tilnefnd af Arion banka var Diljá Matthíasardóttir í aðalstjórn og í varastjórn Svein Gíslason.

Við óskum þeim öllum til hamingju og velfarnaðar í störfum sínum fyrir sjóðinn.

Nýir stjórnarmenn Ingimundur, Diljá og Sveinn sögðu stuttlega frá sér, þ.e.a.s. menntun, starfi og fyrri störfum.

7. Kjör endurskoðanda

Næst á dagskrá var kjör endurskoðanda og kynnti fundarstjóri tillögu stjórnar um að tilnefna Grant Thornton sem endurskoðunarskrifstofu og Davíð Arnar Einarsson sem endurskoðandi fyrir yfirstandandi ár.

Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi taka til máls eða koma með aðrar tillögur. Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillögu stjórnar undir fundinn til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Tillaga að nefndarmanni í endurskoðunarnefnd

Fundarstjóri kynnti þá tillögu stjórnar að skipa Ástu Eyjólfsdóttur í endurskoðunarnefnd sjóðsins. Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi taka til máls eða koma með aðra tillögu. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

9. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti næsta mál á dagskrá sem var tillaga stjórnar um greiðslu stjórnarlauna fyrir yfirstandandi starfsár. Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra að kynna tillögu stjórnar. Guðmundur tók til máls og sagði að um væri að ræða 3,5% hækkun á stjórnarlaunum frá fyrra starfsári. Tillaga stjórnar var að aðalmenn skyldu fá 175.257 kr. á mánuði, formaður stjórnar 291.738 kr. á mánuði og varamenn 70.530 kr. fyrir hvern setinn fund.

Að lokinni kynningu Guðmundar lýsti fundarstjóri orðið laust um tillögu stjórnar, en enginn fundarmanna kaus að tjá sig. Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn til samþykktar og var tillagan samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál.

Þá var gefið rúm fyrir önnur mál, engar fyrirspurnir komu fram.

Áður en fundi var slitið fékk fundarstjóri heimild fundarins til að ganga frá fundargerð ásamt fundaritarar. Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Ársæll formaður stjórnar tók til máls og þakkaði þeim Tryggva og Brynju fyrir gott starf í stjórn LBÍ. Þau komu upp og þökkðu kærlega fyrir samstarfið og óskuðu stjórn og starfsmönnum velfarnaðar. Fundarstjóri sleit fundinum formlega í kjölfarið kl. 18:33.

Reykjavík, 12. júní 2025

Nanna Elísabet Harðardóttir fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir fundarritari